


Kæru Íslendingar í Svíþjóð!

Sól hækkar á lofti, við eigum von á sífelldri bjartari dögum, vor og sumar er í auglýsingu. En fyrst þurfum við að þreyja þorrann. Það þarf ekki að vera svo erfitt, ef við leggjumst á eitt við að strá birtu inn í líf hvers annars.



Reglulegt safnaðarstarf íslensku

kirkjunnar í Svíþjóð nær ekki til allra sem þetta fréttabréf lesa og etv er þessi fréttamiðill nær eini tengi-liðurinn við marga. Það er mikilvægt að allir Íslendingar í Svíþjóð viti af safnaðarstarfinu og þjónustu prestsins. Hver veit nema leiðir liggi saman. Hitt sér maður líka að með nútíma tækni er hægt að koma á samskiptum þó fjöll og dalir skilji að. Því hvet ég ykkur til að hafa samband ef þið viljið tengjast nánar starfi íslensku kirkjunnar. Kannski vex eitthvað fram þegar við leggjum hugmyndir okkar saman.

Það er einkenni góðs safnaðarstarfs að brydda upp á nýjungum. Það festist í sessi sem vel reynist, en annað á sér styttri líftíma. Í þessu fréttabréfi gefur að líta dagskrá vormisseris. Starfið er í sífelldri endurmótun og viðbrögð því vel þegin.


Í fréttabréfinu er í fyrsta sinn auglýsing á baksíðu. Það léttir undir kostnað, en er líka hugsað sem þjónusta við lesendur. Matur er menning, kaupum íslenskt til að krydda tilveruna!

Það er ánægjulegt að sjá að allir aldurshópar koma til helgihalds íslensku kirkjunnar í Svíþjóð. Barnafjölskyldur eru áberandi í safnaðarstarfinu. Í kirkjuskólann og almennar guðsþjónustur koma bæði foreldrar og börn. Þannig er kirkjuferðin fjölskylduferð. Íslenska kirkjan í Svíþjóð hefur bæði trúarlegu og menningarlegu hlutverki að gegna og vill því vera í sem bestum lífandi tengslum við Íslendinga og Íslendingafélög í Svíaríki. Verum því í sambandi!

Bestur kveðjur og blessunaróskir: Ágúst Einarsson

Helgihald í Gautaborg

Í Gautaborg er helgihaldið vikulega. Almennar guðsþjónustur eru mánaðarlega og kirkjuskóli aðra sunnudaga. Kirkjuskólinn hefur verið vel sóttur, að jafnaði 20 til 35, börn og foreldrar. Mikill söngur, fræðsla, brúðuleikrit og föndur er einkenni kirkjuskólans í umsjá Birnu, Þóru og Ágústs.



Allir aldurshópar koma í almennar guðsþjónustur í Skárskirkju. Í messunni er barnastund og krakkarnir fá sitt hvað við sitt hæfi þegar kemur að predikun prestsins. Kór Íslendinga í Gautaborg leiðir söng og flytur stólvers undir stjórn Kristins Jóhannessonar og Tuula Jóhannesson leikur á orgel.

Markmiðið er að allir finni sig heima og njóti þess að koma saman um helgihald á helgum degi. Dagskráin framundan er sem hér segir:

Sunnudagar: *(til að klippa út og festa á ísskápinn!)*

1. febr. kl. 14.00 **Guðsþjónusta í Skárskirkju**

8. -//- - Kirkjuskóli í Dönsku kirkjunni

15. -//- - -//-

22. -//- - -//-

29. -//- - **Guðsþjónusta í Skárskirkju**

7. mars kl. 14.00 Kirkjuskóli í Dönsku kirkjunni

14. -//- - -//-

21 -//- - Kirkjuskóli í Íslendingahúsi - páskaföndur

28 -//- - **Guðsþjónusta í Skárskirkju**

4. apríl kl. 14.00 Kirkjuskóli í Dönsku kirkjunni

11. -//- - Páskafri kirkjuskóla

18. -//- - Kirkjuskóli í Dönsku kirkjunni

25 -//- - **Guðsþjónusta í Skárskirkju**

2. maí kl. 14.00 Fjölskylduhátíð Slottsskóginum

31 -//- - **Guðsþjónusta í Skárskirkju**

ath. mánudagur 2 í hvítasunnu


Staðsetningar:

Danska kirkjan er að Torild Wulffsgatan 8, í Änggården.

Skárskirkja er Örgryte, Skárs gatan 93.

Íslendingahúsið er á efstu hæð í húsi Hagabíós, Linnégötu 21.


Íslenski Kórinn í Gautaborg æfir á mánudagskvöldum kl. 19.00 í Skárskirkju. Söngelskir Íslendingar eru velkomnir! Örfá sæti laus!



Barnakórinn í Gautaborg

Íslenskur barnakór er starfræktur á vegum safnaðarins í Gautaborg. Stjórnandi er Þóra Marteinsdóttir. Kórinn æfir að jafnaði hvern sunnudag kl. 13.00 á sama stað og kirkjuskóli eða guðspjónusta fer fram (sjá hér að framan).

Foreldrar, hvetjið gjarnan börnin ykkar að fara í kórinn! Þannig má slá margar flugur í einu höggi. Krakkarnir fá tónmennt, sönglög, íslensku og góðan félagsskap á einum og sama stað.




Helgihald í Lundi

Í Lundi er helgihaldið hálfsmánaðarlega, annan hvern laugardag í St. Hans kirkju í Norra Fäladen. Börn og fullorðnir koma í kirkjuna og eiga saman glaða helgistund, stundum fyrst uppi í kirkjunni eða allan tímann í safnaðarheimilinu. Söngur, fræðsla, bæn, brúðuleikrit og fönður eru á dagskrá. Efnið miðast mikið við þarfir barnanna en hinir fullorðnu njóta með. Í desember fór fjöldinn upp í 80 manns en að jafnaði koma 30-40 manns. Stefán Jónsson annast gítarundirleik. Prestur kemur einu sinni í mánuði og umsjónarkonur kirkjuskólans eru Brynhildur s. 046-2114668 og Guðrún s. 046-142048.

Laugardagar (til að klippa út og festa á ísskápinn!)

7. febr.	kl. 11.00	Fjölskylduguðspjónusta
21. febr.	kl. 11.00	Kirkjuskóli í safnaðarheimili
6. mars	kl. 11.00	Fjölskylduguðspjónusta
20. mars	kl. 11.00	Kirkjuskóli í safnaðarheimili
3. apríl	kl. 11.00	Fjölskylduguðspjónusta
17. apríl	kl. 11.00	Kirkjuskóli í safnaðarheimili
1. maí	kl. 11.00	Fjölskylduhátíð í Höör dýragarðinum



Helgihald í Stokkhólmi

Íslenskar guðspjónustur í Stokkhólmi hafa fengið sinn fasta samastað í Finnsku kirkjunni í Gamla stan, við hlið Hallarinnar. Framundan eru:

Guðspjónusta sunnudaginn **21. mars kl. 14.00**.
Guðspjónusta sunnudaginn **13. júní kl. 14.00** í tengslum við 17.júní hátíðahöld Íslendingafélagsins.

Íslenski sönghópurinn í Stokkhólmi leiðir söng og tónsvör og barnastund er í guðspjónustunum. Oft er kaffisamsæti eftir guðspjónustu enda ánægjulegt þegar Landar ná að hittast og spjalla.



Íslenski sönghópurinn í Stokkhólmi æfir á miðvikudagskvöldum kl. 18 til 20. Sönghópurinn hefur fengið nýjan stjórnanda, Brynju Guðmundsdóttur. Þeir sem áhuga hafa á þátttöku geta haft samband við Soffiu í síma 08 612 77 73 eða mobil 070 2825964.

Fermingarfræðsla

Fermingarhópurinn þennan veturinn telur 11 unglunga sem búa dreift í Svíþjóð. Hópurinn hittist í 4 daga fermingarbúðum s.l. haust ásamt “öldungum” (fermdir krakkar fyrra árs). Einnig komu íslenskir fermingarkrakkar frá Noregi með prestinum sínum. Þetta urðu samtals um 35 unglingar sem fæstir höfðu hittst áður en áttu skemmtilega og uppbyggilega samveru á Åh stiftgård. Yfir veturinn sækja unglingarnir guðspjónustur og skila verkefnum á netinu. Fermingarbúðir verða að nýju 25-28. mars, þar sem sami hópur kemur saman og notar tímann vel til náms, leikja og samveru.

Leshringur um bókmenntir

Leshringur um íslenskar bókmenntir hittist reglulega í heimahúsum í Gautaborg. Þátttakendur segja frá þeim bókum sem þeir hafa lesið og taka einnig fyrir sameiginleg viðfangsefni. Verið er að lesa bækurnar “Híbýli vindanna” og “Lífsins tré” eftir Böðvar Guðmundsson. Bóklestur á það sameiginlegt með íþróttaiðkun að félagsskapurinn hvetur til dáða. Hópurinn er í leiðinni umræðuhópur um “taugarnar” til Íslands. Leshringurinn er íslenskt menningarræktarstarf og vert væri að koma fleirum slíkum hópum af stað. Áhugasamir hafi samband!

Sálgæsla hversdags

Mikilvægt hlutverk prestsins er að vera einstaklingum innan handar þegar erfiðleikar koma upp. Þegar alvarlegir atburðir gerast liggur beinast við að leita til prestsins.

Vert er að minna á að sálgæsla á það sameiginlegt með heilsugæslu að styrkjandi og fyrirbyggjandi aðgerðir eru mikilvægar. Sálarleg og andleg velferð byggir svo mjög á því að deila hugðarefnum sínum með öðrum.

Fjölskylda og vinir eru þar oft bestu viðmælendurnir. En stundum er gott að reifa mál við óháðan aðila. Presturinn er bundinn þagnarskyldu og með reynslu sinni og þekkingu reynir hann að hjálpa til, veita skilning og ráð eftir atvikum.

AA – deild - 12 spora deild

Fyrir marga sem hafa átt við áfengis og/eða vímuefnavanda að stríða hefur starfsemi AA-samtakanna verið til mikillar hjálpar. AA-deildir eru samtök til sjálfshjálpar og er víða að finna. Reglulegir fundir samtakanna eru mikilvæg stoð í baráttunni fyrir betra lífi, án vímuefna. Í Kalmar er AA-deild með síma sem fólk getur hringt í til að komast í samband við samtökin. Það er nefnt hér því sá sem svarar í símann er íslenskumælandi. Hann er ekki nafngreindur hér í samræmi við þann trúnað og nafnleynd sem gildir innan samtakanna. Síminn er 0480 491049 kl. 08.00 til 20.00.

Sóknarnefndin


Á aðalsafnaðarfundi 1. febrúar sl. var ný sóknarnefnd kosin og hún hefur skipt með sér verkum sem hér segir: Kristinn Jóhannesson, formaður, Gunnar Stefánsson, ritari, Björg Arnesen, gjaldkeri. Meðstjórnendur eru: Birna Ágústsdóttir, Guðný Ása Sveinsdóttir, Guðrún Karlsdóttir, Hilmar Baldursson og Kristinn Kristinsson.

Tengsl: Kristinn Jóhannesson, netfang: Kristinn@svenska.gu.se
Símar: vs. 031-7734533, mobil: 0708-734533, hs. 031-528876



Fjölskylduferð í Bockaberg

Næstkomandi haust mun kirkjuskóla-
starfið hefjast á fjölskylduferð 17-19.
september í Bockaberg. Það eru
sumarbúðir við vatn, í fögru umhverfi,
skammt frá Floda. Þarna munum við
koma saman síðsumars, njóta útiveru og
leikja, hafa kirkjuskóla og kvöldvökur.
Rými er fyrir ca 20 fjölskyldur eða um
70 manns. Þeir sem vilja tryggja sér þátttöku ættu að hafa samband
við umsjónarfólk kirkjuskólanna fyrir vorið, því etv. komast færri með
en vilja. Hver fjölskylda greiðir 300 kr upp í fæði og húsaskjól en
styrkja hefur verið aflað fyrir meirihluta kostnaðarins.



Skövde og Helsinki

Guðspjónusta verður í kapellu Dómkirkjunnar í Helsinki 18. apríl kl.
14.00. Biskup Íslands kostar prestinn til fararinnar en félag Íslendinga
í Finnlandi annast umgjörðina á staðnum.

Fermingarguðspjónusta verður í Skövde á hvítasunnudag 30. maí.
Fermd verður; Hrafnhildur Sigurðardóttir.

Söluborð íslenskra bóka

Í tengslum við guðspjónustur í Gautaborg
hefur verið sett upp söluborð með íslenskum
bókum og geisladiskum. Trúarlegar bækur fyrir
börn og fullorðna eru þar áberandi, en ýmislegt
fleira líka. Á heimasíðu kirkjunnar er listi yfir
það sem er á boðstólnum. Hægt er að hafa
samband við prestinn og fá bækur/geisladiska
senda. Bókaborðið er ekki rekið í hagnaðarskyni og bækurnar yfirleitt
nokkuð ódýrari en “heima”.



Heimasíða kirkjunnar

Lítið á heimasíðu kirkjunnar.: www.kirkjan.org Þar gefur að líta
ýmsar upplýsingar um söfnuðinn og það sem er á dagskrá.